

6. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 12, 25. apríl 1975, um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 12, 25. apríl 1975 um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. júní 1988.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

STARFSREGLUR

um öryggisfræðslu sjómanna.

1. gr.

Markmið öryggisfræðslu sjómanna er að auka öryggi sjómanna með almennri fræðslu um öryggismál sjómanna, þjálfun í meðferð björgunar- og öryggisbúnaðar og slysavörnum og miðlun upplýsinga.

2. gr.

Halda skal námskeið fyrir sjómenn um öryggis- og björgunarmál á helstu útgerðarstöð-um landsins. Skal að því stefnt að allir starfandi sjómenn taki þátt í námskeiðunum.

Námskeið skv. 1. mgr. skulu miða að því að nemendur fái sem víðtækasta fræðslu og þjálfun varðandi öryggismál á sjó. Sérstök áhersla skal lögð á kennslu í meðferð björgunarbúnaðar og aðferðir til björgunar úr lífsháska, slysa- og brunavarnir og reykköfun.

Á námskeiðunum skal ennfremur fjalla um ákvæði gildandi laga og reglna hér að lútandi.

3. gr.

Samgönguráðherra skipar 9 manna öryggisfræðslunefnd sem hefur með höndum stjórn öryggisfræðslunnar. Skulu tveir skipaðir án tilnefningar og annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Hinir sjö skulu tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Siglingamálastofnun ríkisins, Slysavarnafélagi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða og Landssambandi smábátaeigenda.

Nefndin skal beita sér fyrir auknu öryggi sjómanna í samræmi við 1. gr. starfsreglna þessara og gera tillögur til stjórnvalda um tilhögun öryggisfræðslunnar.

Nefndin getur falið þremur nefndarmönnum að fjalla sérstaklega um námskeiðahald um öryggismál sjómanna á vegum Slysavarnaskóla sjómanna. Einnig er nefndinni heimilt að mynda starfshópa um einstaka þætti öryggisfræðslu sjómanna.

4. gr.

Slysavarnafélag Íslands annast framkvæmd öryggisnámskeiða sjómanna með starf-rækslu Slysavarnaskóla sjómanna.

Félagið skal gera áætlanir um námskeiðahald, námsskrá, lengd námskeiða og kostnað til eins árs í senn. Skal áætlunin liggja fyrir eigi síðar en 1. október ár hvert.

Slíkar áætlanir skulu lagðar fyrir öryggisfræðslunefnd til umfjöllunar og staðfestingar með hæfilegum fyrirvara.

Verði verulegar breytingar á framkvæmdaáætlun, t.d. ef námskeið falla niður, skal nefndinni þegar tilkynnt þar um og ástæður tilgreindar.

5. gr.

Öryggisfræðslunefndin og Slysavarnafélag Íslands skulu sameiginlega leggja fram við árlega fjárlagagerð áætlun um fjárþörf og beiðni um fjárveitingu.

Þátttakendur skulu sjálfir greiða ákveðið námskeiðagjald skv. nánari ákvörðun.

Samgönguráðuneytið, 24. maí 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Borgarness, nr. 34,
15. janúar 1988.**

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Borgarness, frá og með 1. júlí 1988:

B. Afltaxti.

Rafmagn til meiri háttar aflnotkunar.

Orkugjald verði 1,61 kr/kWh.

Aðrir liðir gjaldskrárinnar eru óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytið, 20. júní 1988.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.